

BRÁÐABIRGÐALÖG

59
11. júlí

um breyting á lögum nr. 105 24. des. 1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, um breyting á þeim lögum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að mjög mikil verðlækkun hafi orðið á erlendum mörkuðum á afurðum, sem unnar eru úr síld, sem lögð er á land til bræðslu, og til þess að halda bræðslusíldarverðinu innanlands uppi til útvegsmanna og sjómanna, eftir því sem frekast sé kostur, beri brýna nauðsyn til að fella niður framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 105/1951 af bræðslusíld, sem lögð verður á land til vinnslu á sumarsíldveiðum 1952.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ekki skal innheimta framleiðslugjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 105/1951 af síld, sem lögð verður á land til bræðslu á sumarsíldveiðum 1952.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis.

60
12. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að forsetar Alþingis hafi í samráði við ríkisstjórnina gert ráðstafanir til þess, að þingræður verði frá og með byrjun næsta þings teknar upp á vélrænan hátt, og látið í því skyni koma fyrir nauðsynlegum tækjum í alþingishúsinu. Vegna kostnaðar, þrengsla í þingsölunum og óþægilegrar aðstöðu að öðru leyti þótti ekki gerlegt að hafa hljóðnema dreyfða um þingsalina fyrir framan þingmenn, heldur hefur uppsetning tækjanna verið við það miðuð, að allar ræður verði fluttar úr ræðustól. Hins vegar er það nú megin regla samkvæmt ákvæðum þingskapa, að þingmaður standi upp úr sæti sínu og mæli þaðan. Hentugast þykir og eðlilegast að koma á hinni nýju skipan í þessu efni þegar í þingbyrjun.

16